

## **242. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 26. mars 2026, á Teams**

**Mætt:** Erla Friðriksdóttir formaður, Jóhanna Ösp Einarsdóttir varaformaður, Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, Karl Kristjánsson, Valdís Einarsdóttir, Arnar Kristjánsson, Sunna Björk Ragnarsdóttir og Magnús A. Sigurðsson.

**Forföll:** engin

*Fundarritari:* Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 10.00.

### **1. Svæðisskipulag Vestfjarða**

Kynning svæðisskipulagsnefndarinnar á svæðisskipulagi Vestfjarða, sem er einnig til umsagnar í skipulagsgátt til 7. apríl 2026.

#### **Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd staðfesti drög að umsögn vegna máls með fyrirvara um breytingar sem ræddar voru á fundinum. Starfsmaður nefndarinnar mun uppfæra drögin og senda nefndafólki til staðfestingar í tölvupósti áður en umsögnin verður skiluð í skipulagsgátt 7. apríl.

### **2. Fundargerð 241. fundar Breiðafjarðarnefndar**

Fundargerð 241. fundar nefndarinnar, sem var haldinn á Teams 22. febrúar 2026.

#### **Afgreiðsla:**

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

### **3. Framkvæmdaáætlun 2026 til 2029**

Breiðafjarðarnefnd er að vinna framkvæmdaáætlun fyrir starfstímabilið.

#### **Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd undirbjó gerð framkvæmdaáætlunar þar sem helstu verkefni á starfstímabilinu eru sett fram.

Ákveðið var að halda áfram vinnunni í sameiginlegu skjali sem starfsmaður nefndarinnar mun undirbúa og senda nefndarfólki milli funda.

### **4. Fjármálaáætlun 2026**

Breiðafjarðarnefnd vinnur að fjármálaáætlun fyrir árið 2026.

## **5. Kynningarfundur um örnefni og fugla á Breiðafirði**

Náttúrufræðistofnun og Breiðafjarðarnefnd halda sameiginlegan kynningarfund í Stykkishólmi þann 9. apríl. Á fundinum verða flutt erindi um örnefni á eyjum Breiðafjarðar og lífríki þeirra, kortlagningu staðkunnugra og fuglalíf á svæðinu. Einnig verður fjallað um Örnefnasafn Árnastofnunar og verndun Breiðafjarðar.

Breiðafjarðarnefnd hefur komið að skráningu örnefna um árabíl og er kynningarfundurinn lokaafurð þessarar rannsóknar, sem var að klárast með samstarfssamningi í lok árs 2025.

### **Afgreiðsla:**

Kynningarfundurinn skipulagður í samræmi við upplýsingar frá Náttúrufræðistofnun.

## **6. Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar 2026**

Fyrir liggur að skipuleggja vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar árið 2026.

Breiðafjarðarnefnd fer árlega í vettvangsferð um Breiðafjarðarsvæðið. Tilgangur ferðarinnar er að nefndarfólk kynnist Breiðafirði og sérkennum hans nánar, auk þess sem heimsóttir eru staðir sem tengjast beint starfsemi nefndarinnar.

### **Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd hóf undirbúning vettvangsferðarinnar 2026. Haldið verður áfram að skipuleggja ferðina á fundi í maí.

## **7. Önnur mál**

Engin önnur mál rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður fjarfundur þann 7. maí 2026, kl. 10.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.30.